

Leyfi til að reka stoð- og stuðningsþjónustu

Félag heyrnarlausra, kt. 600776-0379

Þverholti 14, 105 Reykjavík

Hefur leyfi til að reka stoð- og stuðningsþjónustu með vísan til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Leyfi nr. 01 23050092 gildir frá 30. maí 2023 til 29. maí 2028.

Reykjavík, 14. júní 2023

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála

Greinargerð með leyfi til að reka stoð- og stuðningsþjónustu skv. VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Samkvæmt 5. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021 veitir Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála leyfi til einkaaðila sem óska eftir að reka stoð- og stuðningsþjónustu. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála barst umsókn umsækjanda í samræmi við VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Hæfni umsækjanda til að reka stoð- og stuðningsþjónustu grundvallast á upplýsingum skv. umsókn, þ.e. upplýsingum um forsvarsmann, húsnæði og aðbúnað, upplýsingum um starfsfólk og hæfi þess, fjárhagslega þætti og fyrirkomulag innra eftirlits. Jafnframt áskilur Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála sér heimild til að leita eftir upplýsingum um umsækjanda frá öðrum aðilum sem nauðsynlegar kunna að reynast til að leggja mat á umsóknina. Við mat á leyfi eru hagsmunir notenda þjónustunnar hafðir að leiðarljósi. Að mati Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála uppfyllir umsækjandi fyrrnefndar hæfniskröfur og hefur þannig sýnt fram á hæfi forsvarsmanns, starfsfólks, húsnæðis og aðbúnaðar. Jafnframt hefur umsækjandi sýnt fram á rekstrarhæfi og veitt upplýsingar um fyrirkomulag innra eftirlits.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar og fyrirliggjandi gagna er það mat Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála að umsækjandi uppfylli skilyrði til að reka stoð- og stuðningsþjónustu skv. II. kafla laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Gildistími leyfis grundvallast á 8. og 9. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021. Vakinn er athygli á því að óska þarf endurnýjunar leyfis til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála eigi síðar en átta vikum áður en gildandi leyfi rennur út.

Loks skal þess getið að ef óhappatilvik, mistök, vanræksla eða önnur atvik sem valdið hafa notanda þjónustu tjóni eða hefðu getað valdið notandanum tjóni ber að skrá það og tilkynna til GEV án tafar skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021.

Undirritunarsíða

lðunn Brynjarsdóttir